

Nd.

421. Frumvarp til laga

um byggingareftirlit ríkisins.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Til að hafa eftirlit með byggingarframkvæmdum ríkisins og starfsgreina þess, þar með taldar byggingarframkvæmdir á jörðum Jarðakaupasjóðs, skal sett á fót stofnun, er heitir „Byggingareftirlit ríkisins“, og heyrir hún undir yfirráð fjármálaráðherra.

2. gr.

Byggingareftirlit ríkisins skal gera kostnaðaráætlanir um byggingarframkvæmdir ríkisins, stofnana þess og starfsgreina og hafa eftirlit með, að allar slíkar byggingar séu vel og haganlega gerðar og eigi til þeirra eytt meira fé en þörf krefur.

Þegar slík verk eru boðin út, skal leita álitis byggingareftirlits um útboðsauglýsingar og gerð samninga, og eru verktakar háðir tillögum þess og yfirumsjón. Byggingareftirlitið getur ráðið sérstaka eftirlitsmenn með tilteknum verkum, þar sem fulltrúar þess á viðkomandi svæði geta eigi annað nauðsynlegt eftirlit.

Sé verk unnið í tímavinnu, skal byggingareftirlitið ráða aðalmenn til verksins í samráði við hlutaðeigandi stofnanir, einnig annast innkaup á efni og yfirleitt bera ábyrgð á verkinu gagnvart ríkissjóði.

Enn fremur skal byggingareftirlitið aðstoða bæjar- og sveitarfélög svo og einstaka menn í byggingarmálum, eftir því sem við verður komið, allt í samráði við fjármálaráðherra.

3. gr.

Byggingareftirlitið skal hafa eftirlit með viðhaldi húseigna ríkisins, hvar sem er á landinu, svo og öllum breytingum, er gerðar verða, ráða menn til að framkvæma verkið og sjá um innkaup á efni til viðhalds og endurbóta.

4. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann og aðstoðarmenn hans. Að öðru leyti ræður forstöðumaður starfsfólk eftir því, sem þörf krefur, og trúnaðarmenn úti um land eftir því, sem hann telur nauðsyn á, og hefur eftirlit með starfi þeirra.

5. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af byggingareftirliti ríkisins, leggst á þær byggingar, sem umsjón þess nær til, eftir því sem við verður komið, en greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur ákaflega miklu fé verið varið til opinberra bygginga, og ásókn fer sívaxandi um aukin fjárframlög í þessu skyni. Á þessu ári mun vera byggt fyrir nokkra tugi milljóna króna, og líkur eru til, að á næstu árum verði framhaldið líkt.

Húsameistari ríkisins og starfsmenn hans teikna mörg þeirra húsa, sem um er að ræða, og má gera ráð fyrir, að framvegis verði það einnig svo. En að öðru leyti er eftirlit með þessum miklu byggingarframkvæmdum mjög af skornum skammti og allsendis ófullnægjandi. Margvísleg mistök hafa orðið á ýmsum slíkum framkvæmdum og mjög miklu fé eytt að óþörfu. Kostnaðaráætlanir fást ekki gerðar, svo viðunandi sé, og oft engar, og allt of mikill skortur er á eftirliti fróðra manna því til tryggingar, að þau nauðsynjaverk, sem um er að ræða, séu svo vel og hag-
anlega gerð sem vera þarf.

Varðandi byggingar einstakra manna úti um landið er Teiknistofa landbún-
aðarins til mikillar aðstoðar, en þó er eftirlit hennar mjög ófullnægjandi, enda liggur fyrir þessu þingi frumvarp til laga um byggingarsamþykktir í sveitum, sem stefnir að því að koma þessum málum í betra horf en nú eru þau. En varðandi hinar miklu byggingarframkvæmdir ríkisins, stofnana þess og starfsgreina, þá þarf stórkostlega breytingu á til þess, að vænta megi nægilegs eftirlits og um-
sjónar. Þess vegna er þetta frumvarp flutt, og mundi sá kostnaður, sem leiðir af sam-
þykkt þess, margfaldlega vinnast upp, þar sem koma mætti í veg fyrir alls konar mistök og óþarfa fjáreyðslu.

Ef byggingarsamþykktir komast á í sveitahéruðum, gætu fulltrúar byggingar-
eftirlitsins jafnframt verið starfsmenn samþykktarhéraðanna, og í bæjunum ættu byggingarnefndir og aðrir ráðamenn byggingarmálanna að hafa samvinnu við bygg-
ingareftirlit ríkisins, eftir því sem henta þætti, á svipaðan hátt og á sér stað í raf-
orkumálum o. fl. Hvort eða með hverjum hætti væri farið út á það svið, færi þó að sjálfsögðu eftir því, hversu vel tækist með starfsemi þeirrar stofnunar, sem hér um ræðir, og hvernig háttáð væri á hverjum stað samvinnu milli viðkomandi ráð-
herra og forstöðumanns við ráðamenn bæjanna í byggingarmálum. Til að byrja með verður að binda starfsemi byggingareftirlits fyrst og fremst við byggingar ríkisins og stofnana þess, enda er þar um mjög mikið og vandrækt verkefni að ræða.